

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Hafnarsvæði, stækkun lóðar fyrir hreinsistöð – óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 26. júní 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðis. Breytingin felst í stækkun lóðar undir hreinsistöð fyrir Sveitarfélagið Ölfus.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellisheiðarvirkjun, stækkun lóðar fyrir neyðarlosun – 23. breyting deiliskipulags.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 26. júní 2025 23. breytingu deiliskipulags Hellisheiðarvirkjunar. Breytingin felst í að lóð fyrir neyðarlosun sem staðsett er við hraunjaðar vestan Kolviðarhólsreits stækkar til að skapa meira svigrúm fyrir staðsetningu svelghola vegna neyðarlosunar frá Hellisheiðarvirkjun. Lóðin er í gildandi deiliskipulagi 2,5 ha en stækkar um 1,68 ha og verður því eftir stækkun um 4,18 ha.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sogn – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 26. júní 2025 nýtt deiliskipulag fyrir Sogn. Áætlað er að bæta við nokkrum fangarýmum í nánustu framtíð og auka vinnu- og afþreyingarmiðstöð fanga og gerir tillagan ráð fyrir nokkrum nýjum byggingarreitum fyrir þá uppbyggingu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Akurgerði – nýtt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 26. júní 2025 nýtt deiliskipulag fyrir jörðina Akurgerði. Jörðinni er skipt upp í fimm lóðir, fjórar þeirra eru hugsaðar undir íbúðarhús en sú fimmta fyrir smáhýsi til útleigu. Lóðir skipulagsins hafa fengið staðfangið Fjallsbraut.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Sveitarfélaginu Ölfusi, 27. júní 2025.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.

B deild - Útgáfudagur: 2. júlí 2025